



Álagning gjalda í Reykhólahreppi 2023

Álagningarákvæði fara eftir lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum og samþykkt sveitarstjórnar 9. nóvember 2022.

Útsvar:

Álagningarprósenta útsvars á tekjur ársins 2023 er 14,52%.

Fasteignaskattur:

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Fráveitugjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)

Sorpeyðingargjald skv. gjaldskrá er innheimt jafnframt fasteignagjöldum og lóðarleigu.

Gjalddagar fasteignagjalda eru fimm:

10. febrúar 2023

10. apríl 2023

10. júní 2023

10. ágúst 2023

10. október 2023

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagningin 15.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. apríl 2023.

Sé álagningin 15.001 til 25.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. febrúar og 10. apríl 2023.

Annars eru gjalddagarnir fimm.

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega:

Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi njóta 100% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir kr. 4.730.000 hjá einstaklingi og kr. 6.710.000 hjá hjónum.

Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Reykhólahrepps.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.